

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 6

við Stjórnartíðindi EB

2. árgangur

2.3.1995

I. EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

95/EES/6/01 Mál höfðað þann 13. júní 1994 af Reinhard Helmers gegn eftirlitsstofnun EFTA og Konungsríkinu Svíþjóð (Mál E-6/94)..... 01

Fyrirmæli dómstólsins frá 25. nóvember 1994 í máli E-6/94: Reinhard Helmers gegn eftirlitsstofnun EFTA og Konungsríkinu Svíþjóð

95/EES/6/02 Breytingar á starfsreglum EFTA-dómstólsins samþykktar 9. janúar 1995..... 02

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

95/EES/6/03 Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.561 - Securicor Datatrak)..... 03

95/EES/6/04 Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.563 - British Steel/UES)..... 04

95/EES/6/05 Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.533 - TWD/Akzo-Kuagtextil)..... 04

95/EES/6/06 Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir..... 05

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Mál höfðað þann 13. júní 1994 af Reinhard Helmers gegn eftirlitsstofnun EFTA og Konungsríkinu Svíþjóð

95/EES/6/01

(Mál E-6/94)

Mál var höfðað gegn eftirlitsstofnun EFTA og Konungsríkinu Svíþjóð þann 13. júní 1994 fyrir EFTA-dómstólnum af Reinhard Helmers, búsettum í Lundi, Svíþjóð.

Sóknaraðili krefst þess að dómstóllinn:

- 1) Gefi ríkisstjórn Svíþjóðar fyrirmæli um að
 - a) hætta að mismuna sóknaraðila,
 - b) setja sóknaraðila aftur inn í upphaflegt embætti sitt við háskólann í Lundi,
 - c) greiða sóknaraðila uppsafnaðar bætur í samræmi við kjarasamning,
 - d) greiða viðeigandi almannatryggingar- og lífeyrisframlög, og

e) greiða vexti í samræmi við sænsk lög um vexti.

- 2) Lýsi því yfir að eftirlitsstofnun EFTA hafi brotið gegn 2. og 3. mgr. 37. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls með því að láta hjá líða að taka ákvörðun um kvörtun sóknaraðila innan tveggja mánaða frá því að hún var borin fram við stofnunina.
- 3) Lýsi ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA frá 20. júlí 1994 um að ljúka máli sóknaraðila gegn ríkisstjórn Svíþjóðar varðandi óréttmæta mismunun ógilda, þar sem hún falli utan verkahringis eftirlitsstofnunarinnar, í samræmi við 4. mgr. 36. gr. samningsins milli EFTA- ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Fyrirmæli dómstólsins frá 25. nóvember 1994 í máli E-6/94: Reinhard Helmers gegn eftirlitsstofnun EFTA og Konungsríkinu Svíþjóð

(Málsmeðferð - Mál tekið fyrir)

Í máli E-6/94: Reinhard Helmers gegn eftirlitsstofnun EFTA og Konungsríkinu Svíþjóð - umsókn um fyrirmæli þar sem krafist er að eftirlitsstofnun EFTA taki ákvörðun um meint brot af hálfu ríkisstjórnar Svíþjóðar á EES-samningnum - dómstóllinn, sem var skipaður: Leif Sevón, forseti (framsögumaður), Björn Haug og Kurt Herndl, dómara; Heikki Kanninen, aðstoðardómritari,

gaf fyrirmæli þann 25. nóvember 1994 og fer gildandi hluti þeirra hér á eftir:

1. stefnunni er vísað frá,
2. málið skal tekið af málaskrá dómstólsins.

BREYTINGAR Á STARFSREGLUM EFTA-DÓMSTÓLSINS 95/EES/6/02 samþykktar 9. janúar 1995⁽¹⁾

Með hliðsjón af bráðabirgðasamkomulagi vegna inngöngu tiltekinna EFTA-ríkja í Evrópusambandið, sem undirritað var í Brussel 28. september 1994, einkum c-lið 6. gr.,

og þar sem í c-lið 6. gr. er gert ráð fyrir, að dómstóllinn geri ráðstafanir til að stytta málsmeðferðarfrest og að í 7. gr. er kveðið á um að dómstóllinn skuli ljúka öllum málum innan 6 mánaða,

samþykkir EFTA-dómstóllinn eftirfarandi ákvörðun:

1. gr. BREYTINGAR

1. Fyrsta undirgrein 64. gr. verði svohljóðandi:
„Láti dómstóllinn hjá líða að taka ákvörðun um tilteknar kröfur eða málskostnað, getur aðili krafist þess að dómstóllinn bæti við dóminn innan tveggja vikna frá því dómur var birtur.“
2. Fyrsta undirgrein 1. mgr. 89. gr. verði svohljóðandi:
„Krafa um meðalgöngu skal koma fram innan eins mánaðar frá birtingu tilkynningar samkvæmt 6. mgr. 14. gr. Þó skal stefna samkvæmt 1. mgr. 36. gr. stofnsamþykktar gerð einum mánuði eftir að tilkynning samkvæmt 20. gr. stofnsamþykktar var send.“
3. Þriðja undirgrein 1. mgr. 91. gr. verði svohljóðandi:
„Ef dómur hefur verið birtur í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins, skal leggja fram stefnu innan eins mánaðar frá birtingu.“
4. 92. gr. verði svohljóðandi:
„Beiðni um endurskoðun dóms skal koma fram innan eins mánaðar frá því að aðili fékk vitneskju um þau atvik sem beiðni um endurskoðun er byggð á.“

2. gr. LOKAÁKVÆÐI

1. Ákvörðun þessi gildir um mál sem dómstóllinn fjallar um á grundvelli bráðabirgðasamkomulags vegna inngöngu tiltekinna EFTA-ríkja í Evrópusambandið, þar á meðal mála sem fyrsta undirgrein, 2. mgr. 1. gr. þess samnings tekur til.
2. Ákvörðun þessi tekur gildi við inngöngu Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar í Evrópusambandið, að því tilskildu að bráðabirgðasamkomulagið hafi þá öðlast gildi. Ákvörðunin á við um hvern þann tímafrest sem hefst eftir gildistöku hennar.
3. Ákvörðunin sem er fullgild á ensku, skal birt í EES-deild og ESS-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.
4. Dómstóllinn annast opinbera þýðingu ákvörðunarinnar á finnsku, þýsku, íslensku, norsku og sænsku.

Í tengslum við ákvörðun þessa um að breyta starfsreglum dómstólsins samþykkir hann eftirfarandi yfirlýsingu:

YFIRLÝSING

Dómstóllinn mun í einstökum málum beita heimildum sínum samkvæmt starfsreglunum til að mæla fyrir um eða stytta málsmeðferðarfrest, þannig að tekið sé tilhlýðilegt tillit til grundvallarréttinda við málsmeðferð viðkomandi aðila og þess að dómstólnum er í núverandi mynd ætlaður takmarkaður starfstími samkvæmt bráðabirgðasamkomulagi vegna inngöngu tiltekinna EFTA- ríkja í Evrópusambandið.

⁽¹⁾ Starfsreglurnar voru samþykktar af EFTA-dómstólnum 4. janúar og 1. febrúar 1994 og staðfestar af EFTA-ríkjunum.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.561 - Securicor Datatrak)

95/EES/6/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. 2. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Securicor International Limited („Securicor International“), Securicor Datatrak Limited („Securicor Datatrak“) sem bæði tilheyra Securicor Group plc, Centraal Beheer Pensioenverzekering N.V. („Centraal Beheer“) sem tilheyrir samstæðunni Achmea og Parcom Service BV („Parcom“) sem tilheyrir ING Groupacquire öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem hefur með höndum þjónustu varðandi leit að ökutækjum í Hollandi.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Securicor International: framleiðsla, sala, uppsetning og viðhald á fjarskiptabúnaði og rafeindaeftirlits- og viðvörðunarkerfum, öryggisþjónusta; farmflutningar og pósthjónusta,
 - Securicor Datatrak: uppsetning og rekstur á kerfum til að hafa uppi á ökutækjum,
 - Centraal Beheer: eftirlaun, váttryggingar,
 - Parcom: fjárfestingarfélag.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 48, 25. 2. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.561 - Securicor Datatrak, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.563 - British Steel/UES)****95/EES/6/04**

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. 2. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið British Steel plc öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, heildaryfirráð yfir fyrirtækinu UES Holdings Ltd með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - British Steel plc: framleiðsla á stálvörum og stálbirgðageymsla,
 - UES Holdings Ltd: framleiðsla á vélsmíðastáli og smíðisvörum úr stáli og stálbirgðageymsla.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 48, 25. 2. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.563 - British Steel/UES, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.533 - TWD/Akzo-Kuagtextil)****95/EES/6/05**

Framkvæmdastjórnin ákvað 10. 2. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

95/EES/6/06

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjttíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
94-0380-E	Drög að umburðarbréfi um skemmtibáta	22.3.1995
94-0381-E	Drög að konungsúrskurði um tæknileg einkenni, kröfur um lækningatæki og mönnun sjúkrabifreiða sem eru notaðar til fólksflutninga á vegum við beitingu ákvæða greinar 134.1 í reglugerð samkvæmt löggjöf um flutninga á landi	4.4.1995
94-0382-GR	Ráðherraákvörðun um „skilgreiningu á aðferð við að mæla leyfilegt magn kolmónoxíðs (CO) og annars kolvatnsefnis (HC) í útblæstri ökutækja á vegum sem ganga fyrir bensíni eða fljótandi gasi“	22.3.1995
94-0383-D	Tæknileg skilyrði um afhendingu staðlaðra eininga í varnarveggi úr steinsteypu (TL-BSWF 95)	4.4.1995
94-0384-D	Önnur fyrirmæli um breytingar á fyrirmælum um litla bræðsluofna	4.4.1995
94-0385-UK	Reglugerð um járnbrautarmót á landi í einkaeigu (skilti og hindranir)	4.4.1995
94-0388-DK	Drög að fyrirmælum umhverfisráðuneytisins um gildistöku 3. kafla og niðurfellingu 2. kafla í fyrirmælum nr. 611 frá 4. júlí 1994 um reglugerð um notkun þotuskíða, o.s.frv.	4.4.1995
94-0388-UK	Skýrgreining samkvæmt 6. gr. 22. hluta á grundvallarkröfum um tengingu neytendabúnaðar við ETACS (extended total access communications system)	4.4.1995
94-0389-NL (3) (4)	Fyrirmæli um að hrinda í framkvæmd ályktun um byggingarefni	11.4.1995

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

(1) Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

(2) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

(3) Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

(4) Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.